

**Nr. 17-091 S 068 Jóka SU 5****Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 5967  
Smíðaður: Hafnarfjörður 1979, plast  
Útgerð: RJ ehf  
Stærð: 4,79 brl. 4,79 bt.  
Mesta lengd: 8,3 m Skráð lengd: 8,27 m  
Breidd: 2,26 m Dýpt: 1,34 m  
Vél: Mercruiser 224 kW, 1981  
Fjöldi skipverja: 1



Jóka©Þór Jónsson

**Gögn:**  
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 9. október 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Hirti Emilssyni.

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 19. júní 2017 var Jóka SU 5 á strandveiðum á SA miðum. Veður: SSA 4 m/s.

Á veiðunum varð báturinn vélarvana og óskaði eftir aðstoð. Magga SU 26 dró Jóku til hafnar á Djúpavogi.

**Við rannsókn kom fram:**

- að startarinn bilaði en við skoðun kom í ljós að sambandleysi var á tengingum.

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.